

Aukaaðalfundur Eyþings

Hótel Kea Akureyri kl. 13:00

9. apríl 2019

Aukaaðalfundur Eyþings er haldinn í samræmi við ákvörðun aðalfundar Eyþings sem haldinn var þann 21. og 22. september 2018. Efni fundarins er að ræða viðræður um sameiningu Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna á svæðinu og niðurstöðu starfshóps um form samstarfs og samvinnu þessara þriggja aðila á sviði atvinnu- og byggðamála til framtíðar.

Dagskrárliðir:

1. Formaður leitar afbrigða frá lögum félagsins um dagskrá aðalfundar.
2. Skýrsla stjórnar. Hilda Jana Gísladóttir, formaður stjórnar Eyþings, fer yfir skýrslu stjórnar frá síðasta aðalfundi.
3. Þóroddur Bjarnason, formaður starfshóps um sameiningarviðræður Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna, fer yfir stöðu viðræðna.
4. Dagbjört Pálsdóttir, formaður stjórnar AFE, fer yfir stöðu viðræðna um endurskipulagningu.
5. Elías Pétursson, formaður stjórnar AÞ, fer yfir stöðu viðræðna um endurskipulagningu.
6. Umræður um endurskipulagningu landshlutasamtaka og atvinnuþróunarfélaga.
7. Ályktun stjórnar um viðræður um sameiningu Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna lögð fram. (Fylgir með sem fylgiskjal).
8. Atkvæðagreiðsla um ályktun stjórnar um viðræður um sameiningu Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna.
9. Skipunarbréf stýrihóps um áframhaldandi endurskipulagningu Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna.
10. Þóknun til nefnda og ráða.
11. Ákvörðun um fundarstað næsta aðalfundar.

Akureyri, 26. mars 2019

Hilda Jana Gísladóttir
starfandi framkvæmdastjóri